

Tillögur að meistaraþrófsverkefnum í tengslum við VMA

Danska: Viðhorf nemenda til dönskunáms í framhaldsskóla; árangur nemenda í dönsku. Staðreyndin er að viðhorf til dönsku eru mjög neikvæð og árangurinn er eftir því. Margir nemendur láta sér lynda að sitja allt að þremur sinnum í sama áfanganum fremur en að taka sig á og rúlla honum upp í eitt skipti fyrir öll.

Skoða kennsluna og kennsluefnið.

Stærðfræðin er ein stærsta greinin sem kennd er í íslensku skólakerfi. Í framhaldsskólanum er það engin undantekning. Mjög mikið fall í byrjunaráföngum er áhyggjuefni og í raun þjóðhagslegt vandamál.

Skoða kennsluna, kennslubækur og aðalnámskrá. Bera saman kennara og kennsluaðferðir. Kanna viðhorf nemenda og bera saman við námsgengi. Reyna að komast að því hvenær vandinn hefst o.s.frv.

Líðan nemenda og viðhorf við upphaf framhaldsskólagöngu í fjölmennum áfangaskóla með mikið námsframboð. Bera saman nemendur t.d. á almennri braut, í bóknámi, verknámsdeildum, listnámi.

Gera úttekt á mismunandi aðferðum við námsmat í bóknámi; bera saman viðhorf nemenda, námsárangur o.s.frv.

Skoða verknámið; kanna viðhorf meðal nemenda til námsins, ástæður þess að þeir völdu verknám, bera saman við námsárangur í grunnskóla.

Skoða kennsluaðferðir og viðhorf kennara til kennslunnar; bera saman verknáms og bóknámskennara.

Námsörðugleikar. Kanna hvaða úrræði skólinn býður upp á sé um námsörðugleika að ræða. Eru nemendur greindir og koma þeir með gögn þar að lútandi þegar þeir hefja framhaldsskólagöngu? Lesblinda, ADHD.

Langveikir nemendur. Hverjir eru taldir langveikir og hvaða úrræði standa þeim til boða? Ljúka þeir námi?

Starfsbraut fatlaðra. Mjög breitt svið. Mjög mismunandir svið fötlunar.

Unnt að fylgjast með kennsluháttum, einum tilteknum einstaklingi o.s.frv. Margir ná ótrúlegum þroska á þeim fjórum árum sem þeir eru í skólanum.

Einhverfir, Asperger, geðfatlaðir, fjölfatlaðir, einstaklingar með mismikla þroskahömlun.

Nemendur af erlendum uppruna. Námsgengi þeirra, úrræði sem þeim er boðið upp á. Samsetning hópsins og samanburður. Félagsleg tengl o.s.frv..

Nemendur sem ljúka stúdentsprófi á þremur til þremur og hálfu ári vs. nemendur sem taka sér allt að sex ár til þess.

Sjúkráliðanám (námið sjálft sem felur í sér að læra að hjúkra öðrum, hugsanlega læra talsvert mikið um sjálfan sig í leiðinni) nemendahópur sem oft er skipaður fullorðnum konum sem margar hafa ekki mikið sjálfstraust í byrjun. Gæti verið forvitnilegt að skoða viðhorf til sjálfs sín, viðhorf til eigin námsgetu og það að vera búin að vera í starfi við umönnun og fara svo í nám á því sviði.

Færsla úr grunnskóla í framhaldsskóla. Viðhorf nemenda og forráðamanna. Yfirfærsla þekkingar, leikni og hæfni hvernig er hún? Er feimnismál að flytja upplýsingar á milli? Spágildi einkunna, mikilvægi umsagna um nemendur.

Akureyri 27. apríl 2011

Hjalti Jón Sveinsson
Jóhannes Árnason